

## Svar

### **heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur um endurmat útgjalda.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hefur ráðuneytið innleitt endurmat útgjalda samkvæmt skilgreiningu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)? Ef svo er, hvenær var það gert og hvaða árangri hefur það skilað?*

Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði starfshóp árið 2021 um endurmat útgjalda í þjónustu við aldraða. Þar áttu sæti tveir starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins ásamt starfsmönnum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og formanns hópsins, sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra án tilnefningar. Skýrslu starfshópsins var skilað árið 2022 og hún birt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins í maí það ár (*Pjónusta við aldraða: Árangur fjárveitinga*). Niðurstaða hópsins var meðal annars að með því að auka þjónustu á fyrrsta stigi heilbrigðispjónustu, með áherslu á aldurshópinn 80–89 ára, mætti seinka þörf fyrir dýraríki þjónustu líkt og veitt er í hjúkrunarrýmum. Með þessu mætti nýta fjárveitingar til þjónustu við aldraða betur, sem nauðsynlegt er að gera með hliðsjón af hækandi aldri þjóðarinnar og áætlaðri aukinni eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum. Samkvæmt skýrslunni sparast a.m.k. 12 m.kr. á hvern einstakling fyrir hvert ár sem aldraður einstaklingur nýtir dagdvöl eða heimahjúkrun í stað flutnings á hjúkrunarheimili. Í upphafi byrfti að veita aukið fjármagn til heimaþjónustu og dagdvalar til að gera fólk kleift að búalengur á eigin heimili og seinka þörf fyrir flutning í ljúkrunarrými.

Heilbrigðisráðuneytið hefur tekið mið af tillögum starfshópsins við vinnu síðustu tveggja fjármálaáætlana ríkisstjórnarinnar.